


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011	Norska NOR153 Fjarnám Kennsluáætlun Vor 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bryndís Indiana Stefánsdóttir	Sk.st.	BRS
----------------	-------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Norska 153 er grunnáfangi ætlaður þeim sem ekki tóku norsku í grunnskóla. Í áfanganum er farið í grunn málfræðinnar, orðaforði aukinn með því að lesa, skrifa og hlusta á norsku. Einnig er áhersla lögð á að kynnst landi og þjóð og læra á og nýta sér fjölmörg verkfæri á netinu sem gagnast í tungumálanáminu. Nemendur fá aðgang að gagnvirkum síðum til að æfa sig í málfræði og einnig hljóðskrár þar sem málfræðin er útskýrð. Ritmálið sem kennt er á og lesið er bókmál en einnig kynnst nemendur aðeins textum sem skrifaðir eru á nýnorsku og hlusta á mismunandi mállýsku.

Markmið: að nemendur læri undirstöðu í norskrí málfræði, geti lesið og skrifað stutta texta og kynnist verkfærum á netinu sem nýta má til sjálfsnáms eftir að áfanganum lýkur.

Námsgögn: Öll námsgögn birtast á vefsíðu áfangans. Nemendur þurfa ekki að kaupa nein gögn en gott getur verið að prenta út hluta af því sem birtist á vefnum, t.d. kafla í málfræði.

Námsmat: Áfanganum er skipt upp í 6 lotur sem hver um sig er tvær vikur. Verkefni er skilað í lok hverrar lotu og gildir hvert þeirra 10% af lokaeinkunn. Í lok annar er tekið 40% próf.

Áætlun um yfirferð: Áfanganum er skipt upp í 6 lotur og er áætlunin fyrir vorönn 2014 á þessa leið:

- Lota 1 – 1.-14. febrúar. Kynning á orðabókum og öðru til að nýta sér í áfanganum. Hlustun á mælt mál. Málfræði bls. 7-15, nafnorð. Skilaverkefni, 10%
- Lota 2 – 15. – 28. febrúar. Noregur, saga lands og þjóðar. Texti lesinn á norsku með glósum til hliðsjónar. Æfa notkun netorðabóka. Málfræði bls. 16-25 og 69-74, lýsingarorð, töluorð og spurnarorð. Skilaverkefni 10%
- Lota 3 – 1.-14. mars. Mállýskur og skrifmál í Noregi – kynnumst þeim frumskógi aðeins! Málfræði bls. 26-35, sagnir. Skilaverkefni 10%
- Lota 4 – 15. – 28. mars. Helstu bæir og borgir í Noregi. Málfræði bls. 40-52, fornöfn. Skilaverkefni 10%
- Lota 5 – 29. mars – 11. apríl. Dagblöð, sjónvarp og netið. Áhorf, hlustun og lestur. Kynnst þessum miðlum og að nýta sér þá til náms. Málfræði bls. 56-68, forsetningar og upphrópanir. Skilaverkefni 10%
- Lota 6 – 12. -30. apríl (lengri lota v/páska) Héðan og þaðan. Nýti síðustu lotuna til að fara í það sem ég rekst á í verkefnum nemenda og þarfnast frekari útskýringar. Hvað er að gerast í Noregi núna. Nemendur geta einnig komið með tillögu að námsþáttum. Málfræði bls. 36-39 og 53-55, atviksorð og samtengingar. Skilaverkefni 10%
- Próf – nánar dagsett síðar. 40%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils